

**Nr. 019/09 Friðrik Sigurðsson ÁR 17*****Skipverji slasast við fall***

*Skipaskr.nr.* 1084  
*Smíðaður:* Garðabæ 1969, stál  
*Stærð:* 161,9 brl. 271,1 bt.  
*Mesta lengd:* 35,99 m *Skráð lengd:* 33,59 m  
*Breidd:* 6,7 m *Dýpt:* 5,5 m  
*Vél:* Grenaa, 682 kW, 1992  
*Fjöldi skipverja:* 10



Friðrik Sigurðsson©Hilmar Snorrason

***Gögn:***

*Lögregluskýrsla*  
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 12. janúar 2009 var Friðrik Sigurðsson ÁR 17 á netaveiðum suður af Grindavík. Veður: Gott.

Skipverjar voru að draga færin þegar einn þeirra rann til á milliþilfarinu og féll fram fyrir sig á höfuðið. Skipverjinn missti meðvitund um tíma og var ákveðið að sigla með hann til hafnar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn taldi sig að hafa stigið á eitthvað hált en hann vissi ekki hvað það var en það gæti hafa verið slorblettur eða koli;
- að skipverjinn var ekki með hjálm og lenti með vinstra gagnauga á brún netaborðsins. Fram kom að það væri ekki vaninn að vera með hjálm við netadráttinn enda lítið tilefni til þess þarna neðanþilja. Hjálmur hefði heldur ekki breytt neinu í þessu falli.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.